

Fundargerð 4. fundar stjórnar SSA 3. janúar 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 á Gistihúsinu á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Gunnar Jónsson og Jón Björn Hákonarson. Margrét Guðjónsdóttir hafði boðið forföll og varamaður hennar, Jakob Sigurðsson, afboðaði sig skömmu fyrir fund, vegna veikinda.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 3. stjórnarfundi SSA og 3. fundi framkvæmdaráðs SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfjarða, Eyþingi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Lagt fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.

a) Fundargerð frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST). Stjórn SSA tekur undir eftirfarandi bókun stjórnar HAUST: „*Heilbrigðisnefnd Austurlands telur umfjöllun fjölmiðla nýverið um skilvirkni eftirlits og almennar kröfur um gegnsærri upplýsingastefnu stofnanna réttmæta og sú gagnrýni sem komið hefur fram hljóti að vekja alla eftirlitsaðila til umhugsunar um bætt vinnubrögð í þágu neytenda. Heilbrigðisnefnd telur því ástæðu til að fara yfir þau tæki og tól sem kunna að vera til þess fallin að skerpa á verklagi innan Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Skoðað verði þar á meðal að virkja heimasíðu HAUST til frekari upplýsingagjafar. Málið verði tekið til frekari umræðu og kynningar á næsta fundi nefndarinnar.*

Í ljósi mikils þunga í umræðunni og ákalli neytenda um bætt vinnubrögð vill Heilbrigðisnefnd Austurlands áréttta mat sitt á nauðsyn þess að brjóta upp miðstýrðar eftirlitsstofnanir og dreifa eftirliti betur um landið. Skorað er því á stjórnvöld að beita sér fyrir því að setja niður nýjar starfstöðvar og störf í nærumhverfi eftirlitsskyldrar starfsemi, enda liggja fyrir því bæði faglegar og fjárhagslegar forsendur sem munu tryggja betur aðhald, skilvirkt eftirlit og eftirfylgni úr nærumhverfinu.“

b) Ísland ljóstengt. Stjórn SSA ítrekar fyrri bókanir sínar um að ljósleiðaravæðing Íslands sé verkefni ríkisvaldsins og hluti af grunnþjónustu. Eins og mál hafa þróast, er ljóst að sveitarfélögin standa ekki undir þeim

kostnaði sem nú er fyrirjáanlegur. Enn og aftur skal minnt á þau viljrði sem kynnt voru í upphafi þessarar vegferðar, sem nefnd hefur verið Ísland ljóstengt - Landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða.

- c) Bréf frá Þroskahjálpi.
 - d) Kerfisáætlun Landsnets – villa í útreikningum.
 - e) Skýrsla um atvinnutekjur frá Byggðastofnun. Verkefnastjóra sveitarstjórnarmála falið að kalla eftir frekari upplýsingum og sundurliðun á þeim lið er fjallar um félags- og heilbrigðisþjónustu.
 - f) Innleiðing Árórsamnings.
 - g) Punktur frá fundi með starfshópi um endurskipulag á rekstri flugvalla.
 - h) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
 - i) Fundargerð frá 14. fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA.
 - j) Framlög í lífeyrissjóð.
 - k) Efni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Reform kommunestrukturen.
- 2. Fjárlög 2017.** *Stjórn SSA lýsir yfir miklum vonbrigðum með niðurstöðu fjárlaga 2017 sem að óbreyttu mun þýða verulega skerðingu á ákveðinni þjónustu á Austurlandi. Brýnt er að teknar verði upp viðræður við nýja ríkisstjórn um leið og hún hefur verið mynduð.*
- 3. Samningur um sóknaráætlun**
- 1. Áfangaskýrsla – Áfangastaðurinn Austurland. Lagt fram til kynningar.
- 4. Almenningsamgöngur**
- 1. Stofnun einkahlutafélags. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála kynnti stöðu málsins.
- 5. Innri mál.**
- 1. Svör við verðkönnun um endurskoðunarþjónustu og nánari upplýsingar. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að óska eftir frekari skýringum frá tilboðsgjöfum auk þess sem núverandi endurskoðandi og framkvæmdastjóri Austurbrúar verði boðaðir á næsta fund framkvæmdaráðs.
 - 2. Tillaga frá verkefnisstjóra svæðisskipulags. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála og verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands falið að funda sérstaklega með Skipulagsstofnun til að fara nánar yfir stöðu verkefnisins gagnvart skipulagssjóði.
- 6. Önnur mál.**
- 1. Neyðarbrautin – lausn mála. Stjórn SSA ítrekar fyrri ályktun sína um málefni innanlandsflugvallar, ekki síst í ljósi atburða í lok desember 2016. „**Stjórn SSA lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þann farveg sem hið opinbera hefur sett málefni innanlandsflugvallar í Reykjavík í. Samhliða þessum afdrifaríku ákvörðunum, hafa yfirvöld ekki lagt fram neina áætlun eða stefnu um það**



hvernig tryggja eigi öryggi og heilsu íbúa á Austurlandi og um land allt. Það er skýlaus krafa að úr því verði bætt án tafar.“

2. Lífeyrissjóðsmál nefndarmanna í starfsnefndum. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að fylgja málinu eftir við launafulltrúa Austurbrúar.
3. Samtökin Ungt Austurland. Gestir: Margrét Árnadóttir formaður, Ásta Hlín Magnúsdóttir varaformaður, Dagur Skírnir Óðinsson almannatengill, Gunnar Gunnarsson ritari og Bára Dögg Þórhallsdóttir, varastjórni. Gjaldkeri er Sigurður Borgar Arnaldsson sem var fjarverandi. MÁ sagði frá stofnun samtakanna og markmiðum þeirra. Hún þakkaði stjórn SSA fyrir stuðninginn við Borgarfjarðarfundinn svokallaða, byggðaráðstefna unga fólksins. Hana sóttu um 40 manns og unnið samkvæmt þjóðfundarformi. Stofnfundur félagsins fór fram 7. desember sl. og í undirbúningi er stór byggðaráðstefna ungra Austfirðinga á vordögum. Samtökin Ungt Austurland vilja gjarnan vera valkostur þegar kemur að skipan nefnda eða þátttöku í öðru starfi sem tengist landshlutasamtökunum og stefnumótun. Líflegar umræður.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 31. janúar kl. 12.30 á Reyðarfirði.
Fundu slitið kl. 16.00.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Andrés Skúlason

Hákon Hansson

